

## Reglur er varða notkun sjúkraskrárupplýsinga á Landspítala

### Síðareglur

1. Sú meginregla gildir við meðferð heilsufarsupplýsinga á LSH að starfsmaður skal **einungis leita eftir þeim upplýsingum um sjúklinga á LSH sem hann þarf á að halda í starfi sínu í þágu sjúklingsins** eða í öðrum lögmætum tilgangi og þar sem fyrir liggur að slíkt sé heimilt samkvæmt lögum. Óheimilt er að leita eftir upplýsingum í öðrum tilgangi og sjúklingar eiga rétt á því að starfsmenn skoði ekki gögn er þá varða að nauðsynjalausu.
2. Starfsmaður skal nota eigið aðgangsorð í öllum tilvikum þegar leitað er eftir upplýsingum í rafrænni sjúkraskrá.
3. Óheimilt er að lána öðrum einstaklingum eigið aðgangsorð og starfsmenn bera ábyrgð á öllum aðgangi sem á sér stað á þeirra aðgangsorði.
4. Óheimilt að nota aðgangsorð annarra við uppflettingar í sjúkraskrá.
5. Það telst eðlileg meðferð aðgangsheimilda að sjúkraskrá að skoða persónuupplýsingar um sjúkling er vistast á skipulagskjarna (deild/sérgrein) þar sem viðkomandi heilbrigðisstarfsmaður vinnur og þarfnast slíkt ekki sérstakra skýringa enda sé notkunin tengd meðferð viðkomandi sjúklings. Starfsmaður sem skoðar og/eða vinnur á annan máta með heilsufarsupplýsingar á LSH skal geta gert grein fyrir tilgangi notkunarinnar þegar þess er krafist.
6. Óski sjúklingur upplýsinga um hver/hverjir hafi skoðað og/eða unnið með heilsufarsupplýsingar sem skráðar hafa verið um hann, ber LSH skylda til að veita umbeðnar upplýsingar. LSH áskilur sér rétt til að gera það án sérstakrar tilkynningar til heilbrigðisstarfsmanns/heilbrigðisstarfsmanna. Sjúklingurinn getur þannig átt þátt í eftirliti með því hvernig heilsufarsupplýsingar í sjúkraskrá eru nýttar.

### Eftirlit

Aðgangur heilbrigðisstarfsmanns að heilsufarsupplýsingum í sjúkraskrá er skráður hverju sinni þannig að hægt er að rekja hverjir hafa farið inn á hverja sjúkraskrá. Sérstök eftirlitsnefnd, í samstarfi við upplýsingatæknisvið, annast eftirlit með því hvernig upplýsingar eru sóttar í tölvukerfi spítalans og hvort það sé í samræmi við gildandi aðgangsheimildir. Komi fram vísbendingar um misnotkun skal það samstundis tilkynnt framkvæmdastjóra lækninga sem ber ábyrgð á eftirliti með meðferð og vörslu heilsufarsupplýsinga á LSH.

### Viðurlög

Brot á reglum þessum og misnotkun trúnaðarupplýsinga um sjúklinga á LSH geta varðað áminningu eða brottrekstri úr starfi auk tilkynningar til landlæknis og/eða kærur til lögreglu eftir því sem talið er eiga við í hverju tilviki.

Ef talið er að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða öðrum lagafyrirmælum er vernda almannarétt eða réttindi sjúklings verður mál umsvifalaust kært til lögreglu.

Sú háttsemi að skoða sjúkraskrá sjúklings án þess að starfsmaður þurfi á upplýsingum að halda í starfi sínu í þágu sjúklingsins, sbr. nánari skýringar hér að framan, telst vera brot í starfi í skilningi 21. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og varðar áminningu samkvæmt 44. gr. sömu laga og brottvikningu úr starfi sé um ítrekun brots að ræða.

## Yfirlýsing vegna aðgangs að sjúkraskrárkerfum á Landspítala

Undirrituð/aður staðfestir að hafa lesið reglur er varða notkun sjúkraskrárupplýsinga á Landspítala og ég samþykki að fara eftir reglunum.

Ég heiti því að leita eingöngu eftir þeim upplýsingum um sjúklinga, sem ég þarf á að halda í starfi mínu í þágu sjúklings eða í öðrum lögmætum tilgangi. Mér er ljóst að öll önnur notkun gagnanna er óheimil.

Ég geri mér grein fyrir;

- að brot á reglum þessum muni leiða til viðbragða af hálfu Landspítala.
- að brot á umgengni um sjúkraskár sbr. framanritað geti varðað áminningu eða brottvikningu úr starfi.
- að brot á ákvæðum laga um meðferð persónuupplýsinga, almennum hegningarlögum eða öðrum lagafyrirmælum er vernda almannarétt eða réttindi sjúklings verði kærð til lögreglu.
- að brot kunni að verða tilkynnt landlækni.

Nafn	Nafn ritað með prentstöfum
Kennitala	Dagsetning Starfsheiti